

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150, Reykjavík

Tilvísun okkar	Tilvísun ykkar	Dagsetning
	27.02.98	20.03.98

Alþingi
Erindi nr. P 122/1426
komudagur 24/3 '98

Með ofangreindu bréfi er óskað umsagnar Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, 359. mál.

Í umræddu frumvarpi er m.a. fjallað um eignarhald, nýtingu, rannsóknir og leit auðlinda í jörðu, þ.á.m. hverskyns jarðefna. Sá þáttur frumvarpsins, sem einkum er til skoðunar hvað snertir starfsemi Vegagerðarinnar er nýting þeirra jarðefna, sem um getur í 8. gr. frumvarpsins, þ.e. bergs, grjóts, malar og annarra jarðefna sem nýta má til vegagerðar.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að eignarréttur að auðlindum í jörðu fylgi eignarrétti að eignarlandi en í þjóðlendum skuli þær auðlindir eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu er vísað til hugtaksins þjóðlenda eins og það er skilgreint í frumvarpi til laga um þjóðlendum og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Þjóðlenda er skilgreind sem landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Ekki verður séð að 3. gr. frumvarpsins muni skerða heimildir Vegagerðarinnar til endurgjaldslausrar efnistöku á landsvæðum utan heimalanda jarða og mun því ekki verða breyting á þeirri skipan mála sem verið hefur að þessu leyti, verði frumvarpið að lögum. Eru því ekki efni til athugasemda hvað varðar ákvæði 3. gr.

Í frumvarpinu er kveðið á um útgáfu leyfa til rannsókna og hagnýtingar auðlinda í jörðu. Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins verður ekki skylt að leita leyfis iðnaðarráðherra til hagnýtingar þeirra jarðefna á eignarlandi, sem hér um ræðir, en í athugasemd við 8. gr. frumvarpsins í greinargerð er tekið fram, að um þjóðlendum gegni öðru máli, ákvæði frumvarpsins um leit og nýtingu nái til allra jarðefna í þjóðlendum. Er í því sambandi ekki gerður greinarmunur á nýtingu jarðefna til vegagerðar annars vegar og hins vegar annarri nýtingu, eins og gert er í nýrri lögjöf, sbr. 21. gr. laga um náttúruvernd, nr. 93, 1996, þar sem segir, að um jarðefni til

vegagerðar fari eftir vegalögum, og því nýting þess undanskilin sérstöku leyfi umhverfisráðherra.

Um vegaframkvæmdir er áskilið í lögum nr. 63, 1993, að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna lagningar allra nýrra vega, þ.m.t. tilheyrandi efnistöku sem er hluti lagningar nýrra vega. Auk þess er áskilið að sækja skuli um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar samkvæmt 27. gr. skipulags og byggingalaga nr. 73, 1997 með síðari breytingum. Telja verður að efnistaka vegna vegagerðar sæti nú þegar all umfangsmiklu ferli umfjöllunar í stjórnslu og því ekki til bóta að auka þar enn á.

Af ýmsum ákvæðum frumvarpsins, einkum í III. IV. og IX. kafla þess má ætla, að þau séu einkum sniðin að annarskonar hagnýtingu auðlinda, en hefðbundinni efnistöku til mannvirkjagerðar, og eiga því á margan hátt illa við á því sviði, en eiga betur við um nýtingu jarðhita og jarðefna sem unnin eru djúpt í jörðu. Væri því til bóta að taka af öll tvímæli um, að um jarðefni utan eignarlanda, sem nýtt er til vegagerðar, fari eftir vegalögum, og sé því undanskilið ákvæðum III. og IV. kafla frumvarpsins með sama hætti og nýting jarðefna á eignarlöndum til vegagerðar. Telja verður að ekki sé ástæða til að mismunandi reglur gildi að þessu leyti gagnvart vegagerð og reyndar líklegt að það geti valdið vandkvæðum í framkvæmd. Yrði með þessu einnig gætt samræmis við ákvæði vegalaga nr. 45, 1994, einkum 41. og 45. gr. laganna, um almenna heimild Vegagerðarinnar til leitar og hagnýtingar jarðefna til vegagerðar, hvort sem það er á eignarlöndum eða utan þeirra.

Virðingarfyllst

